

Nd.

487. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd sendi mál þetta vitamálastjóra til umsagnar. Mælir hann með samþykkt frumvarpsins með einni breytingu, sem nefndin hefur fallið á.

Nefndin hefur borið frv. saman við gildandi hafnarlög Akureyrar og hafnarlög, sem Alþingi hefur samþykkt á síðari árum, óg mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Aftan við b-lið 1. gr. komi ný málsg., svo hljóðandi:

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

2. Á eftir 1. gr. komi ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því): Á eftir 7. gr. laganna kemur ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Hafnarsjóður á allt það land við höfnina, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

Alþingi, 24. okt. 1944.

Jóhann P. Jósefsson,
fundaskr.

Sig. Kristjánsson,
frsm.

Ásg. Ásgeirsson.

Eysteinn Jónsson.

Lúðvik Jósefsson.